

Ed. 309. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrri málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Nú vill félagsmaður selja íbúð, er hann hefur fengið að tilhlutun byggingarsamvinnufélags, og hefur félagið þá forkaupsrétt. Ef samkomulag næst ekki um söluverð til félagsins, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum, og hliti seljandi mati þessu, ef hann þá kýs að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að framleigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir leigumálann.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.